

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

„EKKI ER ÞETTA KIRKJUNNI
AÐ NEINU GAGNI“

Íslensk söngbókabrot úr kaþólskum sið¹

Örlög kaþólskra helgisíðabóka á öldunum eftir siðaskipti voru sem kunnugt er harla hryggileg og var sú raunin á Íslandi sem og í öðrum löndum þar sem hinn gamli siður vék fyrir nýjum. Þrátt fyrir að enginn hefði lengur not fyrir slíkar bækur inntaksins vegna voru skinnblöðin sjálf þó brúkleig til ýmissa hluta. Þau hentuðu til dæmis sem hlífðarkápur um verðmætari handrit og prentaðar bækur en einnig mátti skera þau í strimla og nota til bókbands enda bókfellið sterkt, allt að því óslítandi. Einnig var hægt að skafa upp blekið og skrifa nýtt efni á blöðin í stað þess gamla. Allt þótti þetta sjálfsögð nýtni á góðu skinni þegar það sem á skræðunum stóð var orðið einskis vert, eða eins og Árni Magnússon ritaði á miða sem fylgdi blöðum úr því sem eitt sinn var fögur messusöngsbók úr Gufudal og kemur við sögu síðar í þessari grein: „Ekki er þetta kirkjunni að neinu gagni.“² Ekki má heldur gleyma því að eflaust hafa ótal handrit eða brot úr þeim hreinlega grotnað niður í aldanna rás í köldum og rökum híbýlum þar sem tilvist þeirra var jafnvel löngu gleymd.

Helgisíðabækurnar gömlu voru af ýmsum toga en stór hluti þeirra hafði að geyma nótur, svokallaðar *neumur*. Sléttsöngur, það sem kallað var *cantus planus* á latínu, var veigamikill hluti hins kaþólska helgihalds. Í stuttu máli voru fjórar gerðir helgisíðabóka algengastar auk saltarans. Þær bækur sem hafa að geyma hina lesnu texta messunnar kallast *missale* en bækur þar sem sungnir messuliðir standa með nótum heita *graduale*. Í tíðasöng má greina sömu skiptingu í rit með og án nótna. *Breviarium* geymir texta tíðasöngs

1 Rannsóknin „Söngbókabrot úr kaþólskum sið á Íslandi“ var styrkt af menningar- og viðskiptaráðuneyti gegnum verkefnið Ritmenning íslenskra miðalda.

2 Kristian Kålund, *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling* 1:523, sjá einnig Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld,“ *Gripla* 27 (2016): 167.

en nóturnar standa í bókum sem nefnast *antiphonale* eða *antiphonarium*.³ Einnig mátti safna tilteknum messuliðum í sérstök handrit sem þá drógu nafn sitt af efninu: *hymnarium*, *kyriale*, *sequentiarium*, og þannig má áfram telja.⁴

Örðugt er að meta hversu mörg messusöngshandrit hafa glatast af þeim sem skrifuð voru eða notuð í íslenskum kirkjum fram til siðaskipta. Kirkja sem var sæmilega búin að bókakosti þurfti að eiga að minnsta kosti tvær og allt upp í fimm eða sex nothæfar söngbækur, jafnvel enn fleiri. Ef sjálf litúrgían breyttist, til dæmis þegar nýir söngvar voru teknir inn eða nýrri hátíð var bætt við kirkjuárið, þurfti að skrifa nýjar bækur eða uppfæra hinar gömlu. Af máldögum kirkna má ráða nokkuð um hversu mörg slík handrit voru eitt sinn til. Ekki er þó með öllu hægt að treysta á máldaga sem heimild í þessum efnum því að þar veltur allt á nákvæmni skrásetjarans. Stundum eru engar bækur nefndar í kirkjum sem vitað er að áttu bóka-kost.⁵ Talið er að alkirkjur hafi að jafnaði verið yfir 300 á öllu landinu en að meðtöldum hálfkirkjum, fjórðungskirkjum og bænhúsum var fjöldi messu-hæfra guðshúsa um 1000–1400.⁶ Með hóflegu mati má reikna með að á Íslandi í kaþólskum sið hafi verið til nokkur þúsund handrit með nótum. Sé gert ráð fyrir að á tímabilinu 1200–1550 hafi hver alkirkja eignast tvöfaldan forða af bókum — sem virðist einnig hóflega reiknað — slagar heildarfjöldi íslenskra sönghandrita á þessu skeiði upp í 3000 bækur. Slíkar bækur voru þegar öllu er á botninn hvolft grundvöllur þess að hægt væri að halda uppi sómasamlegu helgihaldi hér á landi í meira en fimm aldir.

Fram til þessa hefur ekkert heildaryfirlit verið til yfir íslensk skinn-bókabrot með nótum og því örðugt að átta sig á því hversu mörg slík brot hafa varðveist og hvers eðlis þau eru. Megnið af umræddum brotum er varðveitt í þremur söfnum: Landsbókasafni Íslands — Háskólabókasafni,

3 Sjá nánar Ryder Patzuk-Russell, „The Lost Liturgical Books of Iceland: Understanding the *Aspicensbækr*,“ *Gripla* 33 (2022): 238–239.

4 Þar sem messubækur geta verið af ýmsum toga er ekki ávallt hægt að greina gerð upprunabókarinnar ef aðeins hefur varðveist af henni lítið brot; til dæmis gæti brot með sekvensiúnótum hafa tilheyrst *sequentiarium*, *graduale* eða *missale*.

5 Jón Þórarinnsson, *Íslensk tónlistarsaga*, ritstj. Njáll Sigurðsson og Páll Valsson (Kópavogur: Tónlistarsafn Íslands, 2012), 117.

6 Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi 2 (Reykjavík: Alþingi, 2000), 181; sami höfundur, „Latinusöngur leikra á miðöldum,“ í *Til heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir, Rit Snorrastofu 1 (Reykholzt: Snorrastofa, 2003), 110.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Einnig eru nokkur brot á Þjóðskjalasafni Íslands og á Konungsbókhöfðum í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Hin síðarnefndu hafa hlotið litla athygli fræðimanna fram til þessa. Þá má finna stök brot í Uppsölum og í Cambridge í Bandaríkjunum auk þess sem fáein brot eru enn í einkaeigu.

Norskir fræðimenn hafa rutt brautina í rannsóknum á þeirri tónlist sem blöðin geyma. Þar ber fyrstan að nefna tónlistarfræðinginn Erik Eggen en rannsókn hans á sekvensíum í Niðarósbiskupsdæmi kom út að honum látnum árið 1968. Jón Helgason hafði umsjón með útgáfunni og bætti við upplýsingum um handrit sem Eggen hafði yfirsést eða hann ekki haft aðgang að.⁷ Á þessari öld hafa Gisela Attinger og Marit Johanne Høye lagt verulegan skerf til rannsókna á þeirri tónlist sem finna má í íslenskum söngbókabrotum og héldu þær meðal annars áfram þeirri rannsókn á sekvensíum sem Eggen var upphafsmaður að.⁸ Fleiri Norðmenn hafa rannsakað íslensk handritabrot á víðari grunni, einkum helgisíðafræðingurinn Lilli Gjerløw en lykilrit hennar *Liturgica Islandica* kom út árið 1980. Þá hefur Tom Lorenz á síðustu árum rannsakað brot og uppskafninga af íslenskum uppruna frá sjónarhóli handritafræðinnar.⁹

Afrakstur þessara rannsókna á íslenskum söngbókabrotum hefur verið margvíslegur eins og vænta mátti. Af brotunum má ráða margt um handritagerð á Íslandi, jafnvel verk einstakra skrifara. Þá geyma söngbókabrotin dýrmætar upplýsingar um helgihald í kaþólskum sið á Íslandi í stóru jafnt sem smáu. Þegar þau eru borin saman við regluverkið sem birtist í hinum leiðbeinandi ritum Niðarósbiskupa, Orðubók (*Ordo Nidrosiensis*), sem varðveitt er í handritum frá 13. öld, og *Missale Nidrosiensis*, prentaðri bók

- 7 Erik Eggen, *The Sequences of the Archbishopric of Nidarós* (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1968).
- 8 Gisela Attinger, „Icelandic Manuscripts Containing Sequences: A Presentation of Twelve Medieval Fragments,” *Studia Musicologica Norvegica* 30 (2004): 119–143; Attinger, „Prosulas in Icelandic Plainchant Sources,” *Studia Musicologica Norvegica* 32 (2006): 7–22; Attinger, „Sequences in Two Icelandic Mass Books from the Later Middle Ages,” í *The Sequences of Nidaros. A Nordic Repertory & Its European Context*, ritstj. Lori Kruckenberg og Andreas Haug (Trondheim: Tapir Academic Press, 2006), 165–181; Marit Johanne Høye, „Sequence Melodies in Icelandic and Norwegian Manuscripts,” *Dansk Musikforskning Online* (2016): 27–41.
- 9 Tom Lorenz, „Latin *in situ* Fragments Connected to Iceland: A Survey,” *Scripta Islandica* 75 (2024): 61–94.

frá 1519, má stundum greina frávík í íslensku heimildunum. Til dæmis má nefna að *Jubar mundo*, sekvensía fyrir Pétursmessu og Páls (29. júní), er í þremur íslenskum söngbókabrotum en er ekki nefnd í Orðubók.¹⁰ Þetta gefur vísbendingu um að íslenskir biskupar og prestar hafi að einhverju leyti viljað halda í sjálfstaði sitt gagnvart regluverkinu í Noregi. Raunar má greina sömu viðleitni í prentuðum söngbókum eftir siðaskipti.¹¹

Markmið þessarar greinar er tvíþætt. Annars vegar verður brugðið upp heildstæðri mynd af þeim söngbókabrotum sem varðveist hafa og hins vegar varpað ljósi á nokkur brot sem ekki hefur áður verið fjallað um á prenti. Segja má að helst hafi staðið fyrri rannsóknum fyrir þrifum hversu örðugt var að fá yfirsýn yfir öll brot úr íslenskum söngbókum í hinum ýmsu söfnum þar sem ekki var til heildstæð skrá um efnið. Þótt sum söngbókabrotin séu vel kunn og um þau hafi verið fjallað eru önnur illa skráð eða jafnvel alls ekki. Rannsóknir á söngbókabrotum hafa oft beinst að einu tilteknu safni í hvert sinn en í þeirri vinnu sem hér liggur að baki var reynt að ná víðari sýn. Þannig tókst að tengja saman nokkur brot sem dreifst hafa á fleiri en eitt safn en tilheyrðu að öllum líkindum upphaflega sömu bók — eða eru að minnsta kosti verk sama skrifara.

Söngbókabrot í íslenskum og erlendum söfnum

Sem fyrr segir var lítil virðing borin fyrir kaþólskum helgisíðabókum eftir siðbreytingu Lúthers enda engin not fyrir þau lengur í sinni upprunalegu mynd. Árni Magnússon var síður en svo einn um það að nota skinnblöð úr slíkum handritum í band eða kápur utan um aðrar bækur eða skjöl. Eins furðulegt og það kann að hljóma varð þetta þó til að bjarga þeim blöðum sem varðveist hafa. Harla lítið hefur varðveist af heillegum söngbókum eða smærri brotum sem ekki voru notuð í þessum tilgangi og flest eiga þau

10 Gisela Attinger, „Icelandic Manuscripts Containing Sequences,” 123. Þetta á vitaskuld aðeins við þegar allar líkur eru á því að umrædd handrit hafi verið skrifuð á Íslandi og séu því marktækur vitnisburður um helgihald hér á landi. Attinger nefnir nokkur einkenni sem gefi til kynna íslenskan uppruna handrita, meðal annars au/av-líminga og lítinn hástaf H í texta, sem og „tvöfaldar nótur“, þ.e. þegar tvær nótur standa svo þétt saman að þær virðast næstum ein nóta með tvo hala; hún bendir þó á að þetta atriði þurfi að rannsaka nánar. Sjá Attinger, „Icelandic Manuscripts Containing Sequences,” 142 og Attinger, „Iceland and Norway: Separate Scribal Cultures,” í *Nordic Latin Manuscript Fragments*, ritstj. Áslaug Ommundsen og Tuomas Heikkilä, 224–233.

11 Sjá nánar Árni Heimir Ingólfsson, „Sléttisöngur í lútherskum sið á Íslandi, 1550–1800,” *Gripla* 31 (2020): 295–303.

sameiginlegt að á þeim er annað efni sem söfnurum þótti hnýsilegra, til dæmis vísur og kvæði, mál dagar eða aðrir textar á íslensku.¹²

Það var ekki fyrr en á öndverðri 20. öld sem bókaverðir og fræðimenn tóku að gefa verulegan gaum þeim handritaleifum sem leyndust í bandi bóka og handrita. Á árunum 1911–1913 voru blöð úr handritum í safni Árna Magnússonar leyst úr bandi að frumkvæði Kristians Kålund bóka- varðar í Kaupmannahöfn. Hóf hann að skrásetja þau undir safnmarkinu „AM Accessoria“ og brot úr helgisiðabókum voru sett í sérstakan flokk, Accessoria 7.¹³ Síðan hafa fleiri blöð úr helgisiðabókum verið tekin úr bandi á sama hátt.¹⁴ Til dæmis voru brot fjarlægð úr bandi nokkurra handrita á Árnasafni á árunum um 1960–1980 og var þeim gefið safnmarkið Accessoria 48. Enn eru þó allnokkur handrit ósnert hvað þetta varðar, einkum á Konungsbókhöfðum í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi; skinn- blöðin eru þar enn *in situ* og verður þeirra getið síðar í þessari grein.

Stærsta safn brota úr íslenskum söngbókum er tvímælalaust áður- nefnt Accessoria 7 á Árnasafni í Kaupmannahöfn. Undir því safnmarki eru varðveitt um 500 skinnbrot úr kaþólskum helgisiðabókum af ýmsum toga. Eftir mikla rannsóknarvinnu sem einkum fór fram á síðari hluta 20. aldar hefur brotunum verið skipt í 144 upprunahandrit og er stór hluti þeirra frá Íslandi en einnig eru þar brot úr handritum sem talin eru rituð í Englandi, Þýskalandi og Hollandi. Ríflega 200 af brotunum í Accessoria 7 eru úr söngbókum sem taldar eru hafa verið ritaðar á Íslandi. Varðveitt eru brot úr 19 messusöngsbókum, alls 137 blöð og munar þar mestu um tvær stórar bækur, svonefndar *Missale Scardense* (Hs 1, 58 blöð) og *Graduale Gufudalense* (Hs 2, 34 blöð), sem getið verður nánar hér að aftan. Þá eru einnig brot úr 25 tíðasöngsbókum, alls 72 blöð.¹⁵

12 Hér má til dæmis nefna handrit Þorlákstiða (AM 241 a II fol.) og Nikulástiða (AM 640 4to) sem eru með stærri handritum sem varðveist hafa með kaþólskum kirkjusöng á Íslandi en þó hvorugt heilt; einnig smærri brot með öðrum textum sem vöktu meiri áhuga safnara en sjálfar nóturnar, svo sem AM Dipl. Isl. Fasc. V, 12 (máldagi), AM 687 b 4to (gátur) og AM 80 b 8vo (gjafavottorð), sjá Árni Heimir Ingólfsson, *Tónlist liðinna alda. Íslensk handrit 1100–1800* (Reykjavík: Crymogea, 2019), 26–29 og 32–33.

13 Sjá Merete Geert Andersen, „Colligere fragmenta, ne pereant“, *Opuscula* 7 (1979): 2–3, 7–8; Attinger, „Sequences in Two Icelandic Mass Books“, 166. Við frumskráningu brotanna í Accessoria 7 var um skeið árið 1914 ráðinn Guðbrandur Jónsson, síðar prófessor, en hann var kaþólskrar trúar og hafði því grundvallarskilning á eðli þeirra helgisiða sem skráðir voru í handritunum.

14 Merete Geert Andersen, *Katalog over AM Accessoria 7. De latinske fragmenter* (Kaupmannahöfn: Reitzel, 2008), xi–xvi.

15 Andersen, *Katalog*, passim. Einnig eru nótur á brotum úr tveimur Breviaria (Acc. 7 Hs

Um 115 söngbókabrot til viðbótar hafa varðveist í öðrum söfnum, flest á Íslandi en einnig í Danmörku, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Fjörutíu og fjögur brot með nótnaskrift eru á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.¹⁶ Prettán brot eru á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auk þeirra 28 sem áður tilheyrðu Þjóðminjasafni Íslands en voru afhent Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til varðveislu vorið 2011.¹⁷ Sjö söngbókabrot eru á Þjóðskjalasafni Íslands en nokkur þeirra virðast rituð erlendis (sjá bls. 283).¹⁸ Tólf brot eru á Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn og átta á Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi; eru þau ýmist skráð sem slík eða enn varðveitt sem kápur um önnur handrit eða prentaðar bækur. Þá er eitt íslenskt handrit í safni Háskólans í Uppsöllum bundið í blað úr fornri söngbók og sú er einnig raunin með eitt handrit í eigu Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Að minnsta kosti tvö brot til viðbótar eru enn í einkaeigu. Sum þessara blaða eru að því er virðist úr sömu bókum en þó eru þau mun fleiri sem eiga sér ekki hliðstæðu. Með hæfilegri varkárni má því slá föstu að einhver blöð hafi varðveist úr um 130–140 söngbókum sem eitt sinn voru eign íslenskra kirkna og flestar þeirra ritaðar á Íslandi.¹⁹

68 og 69) og fáeinum smábrotum til viðbótar sem fjarlægð voru úr handritum Árnasafns síðar á 20. öld (Acc. 7 Hs 127–129, 133, 135 og 136); sjá *Katalog*, 68–69 og 123–129. Ítarlega rannsókn á sekvensium í *Missale Scardense* og *Graduale Gufudalense* er að finna í grein Gislu Attinger, „Sequences in Two Icelandic Mass Books from the Later Middle Ages,“ 165–181.

- 16 Skrá Jakobs Benediktssonar yfir brot í safni Landsbókasafns kom út á prenti árið 1959 (*Handritasafn Landsbókasafns*, 2. aukabindi). Þar er skráð 101 brot (Lbs fragm 1–81 og JS fragm 1–20), þar af 31 með nótum. Á árunum um 2020 var ráðist í átak á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til að skrá fleiri blöð, einkum þau sem áður voru höfð utan um önnur handrit (nú Lbs fragm 83–109, þar af ellefu með nótum) og má finna afrakstur þeirrar vinnu á www.handrit.is.
- 17 Brotin úr safni Þjóðminjasafns Íslands bárust því á fyrstu árum og áratugum sem safnið starfaði, flest á árunum 1864–1895. Þau voru gjafir frá einstaklingum víða að af landinu, til dæmis gaf Páll Pálsson stúdent safninu sjö skinnblöð með nótum á árunum 1864–1871. Meðal annarra sem gáfu slíkar gjafir voru Björn Björnsson, bóndi á Álfanesi (tvö blöð), og séra Björn Halldórsson í Laufási (tvö blöð), sbr. skráningu á www.handrit.is.
- 18 Hið merkasta af hinum íslensku söngbókabrotum á Þjóðskjalasafni (nú Þjskjs 2b) hefur að geyma prósessíusöng sem einnig er nefndur í Guðmundar sögu góða. Í þeirri frásögn er hann sunginn daginn fyrir allraheilagramessu og er staðsetning hans á blaðinu á Þjóðskjalasafni í samræmi við það; sjá Róbert A. Ottósson, „Ein Prozessionsgesang der Mönche zu Þingeyrar,“ *Scientia Islandica* 2 (1970): 3–12; Árni Heimir Ingólfsson, *Tónlist liðinna alda*, 30–31.
- 19 Hér eru ekki taldir með uppskafningar þar sem upprunahandrit voru söngbækur. Nokkur slík handrit hafa varðveist; í sumum tilvikum var upprunahandritið sannarlega ekki

Handritabrot in situ í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi

Flest skinnbókabrot hafa verið fjarlægð úr bandi þeirra bóka sem þau eitt sinn vernduðu. Þó eru nokkur handrit enn ósnert hvað þetta varðar, þar eru skinnblöðin enn *in situ* eins og áður greinir. Flest þeirra eru í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi en þó finnast slík handrit einnig á Íslandi. Sem dæmi má nefna GKS 3270 4to sem er fagurlega innbundið Jónsbókarhandrit frá miðri 14. öld. Eitt sinn var það í eigu Brynjólfs biskups Sveinssonar en hann sendi það Konungsbókhöfðu árið 1662; bókina hefur verið í vörslu Árnastofnunar frá árinu 1981. Spjaldblöð bókarinnar voru leyst frá spjöldum árið 1972 og eru úr tveimur tíðasöngsbókum; hið fyrra er tvídalur með rauðum og grænum upphafsstöfum og hefur að geyma tíðasöng á laugardögum *per annum*; hið síðara er tvinn úr smærri bók og þar eru skrifaðir víxlsöngvar (*responsoria*) tíðasöngs dagana eftir hvítasunnu (*De Sapientia*). Einnig má nefna að handritið ÍB 450 8vo, sem er sálmasafn frá 17. öld, er bundið inn í bókfell sem þó er mjög máð og í raun ólæsilegt.

Megnið af þeim brotum sem enn eru í bandi bóka er þó að finna á tveimur söfnum, Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn og Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi, og verður hér gerð stuttlega grein fyrir efni þeirra.

Í safni Ottos Thott á Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn eru fjögur íslensk handrit enn í skinnblöðum sem hafa að geyma nótur; eitt handritsbrot til viðbótar hefur verið tekið úr bandi en er áfram geymt með því yngra handriti sem það áður tilheyrði (sjá *Töflu 1*). Thott greifi (1703–1785) var mesti bókasafnari Dana og valdamikill maður í ríkisstjórninni. Í höll sinni við Kóningsins nýjatorg geymdi hann safn sitt sem taldi yfir 4.000 handrit sem hann ánafnaði Konungsbókhöfðu eftir sinn dag. Thott átti á annað hundrað íslenskra handrita og var handgenginn ýmsum íslenskum menntamönnum, meðal annars Jóni Eiríkssyni konferensráði í Kaupmannahöfn og Hannesi Finnssyni sem síðar varð biskup í Skálholti.²⁰

skrifað á Íslandi (til dæmis Thott 154 fol. á Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn sem er endurunnin messubók frá Englandi) eða líklega ekki skrifað þar (til dæmis Isl perg 5 8vo á Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi sem er handrit sem Gottskálf Jónsson í Glaumbæ skrifaði á spássiur skornar úr stórrí nótabók). Sjá nánar Árni Heimir Ingólfsson, „Copying the Icelandic *Graduale* in the Sixteenth and Seventeenth Centuries,“ *Opuscula* 18 (2020): 12–26; Tom Lorenz, „Latin *in situ* Fragments Connected to Iceland: A Survey,“ 84–85.

20 Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1936), 33.

Thott 1495 4to er handrit Snorra-Eddu frá 17. öld sem bundið hefur verið í tvinn úr tíðasöngsbók eða *antiphonale* frá 14. eða 15. öld. Til að blaðið næði alveg yfir bókina var á aftari kápu saumað við tvinnið brot úr öðru blaði úr sama handriti. Á blöðunum er tíðasöngur fyrir vikudaga þegar ekki eru sungnar sérstakar messur, eða *feria 2–4 per annum*. Thott 243 8vo er steina- og grasafræði frá 18. öld sem bundin er í tvinn úr *antiphonale* með söng og textum fyrir Pétursmessu og Páls (29. júní). Í handritinu Thott 478 8vo er að finna ljóðaglósar séra Jóns Þórðarsonar í Hvammi, ritaðar árið 1679, sem bundnar eru inn í eitt blað úr *antiphonale*. Á recto-hlið blaðsins, sem snýr út og er því fremur máð, er tíðasöngur fyrir kyndilmessu (*Purificatio Mariae*, 2. febrúar); verso-hlið blaðsins snýr inn að bókinni og er því betur varðveitt og þar stendur tíðasöngur á Agötumessu (5. febrúar). Enn er svo ótalið Thott 513 8vo, rímnahandrit sem skrifað var á Kröggólfsstöðum í Ölfusi árið 1760.²¹ Kápa þess er skinnblað með tíðasöng fyrir aðventu og jólanótt. Blaðið er afar máð og torlesið en þó virðist sem hér sé um að ræða sömu rithönd — og mögulega sama handrit — og *antiphonale* það sem fjögur önnur brot hafa varðveist úr: Lbs fragm 43 og Bjms 194, 954 og 7437 (sjá nánar bls. 288–290).

Af einu íslensku handriti úr safni Thotts hefur skinnblaðskápa verið fjarlægð en liggur enn með bókinni og deilir safnmarki með henni. Thott 1494 4to er handrit Snorra-Eddu frá síðari hluta 17. aldar. Kápa þeirrar bókar var áður blað úr *graduale* frá 15. öld með söngvum sem tilheyrðu krossmessu á hausti (*Exaltatio crucis*, 14. september). Blaðið er með rithönd Jóns Þorlákssonar og verður þess getið nánar hér að aftan.

<i>Safnmark</i>	<i>Upprunabók</i>	<i>Innihald/messudagar</i>
Thott 1495 4to	<i>antiphonale</i> , 14. eða 15. öld	<i>feria 2–4 per annum</i>
Thott 243 8vo	<i>antiphonale</i>	Pétursmessa og Páls
Thott 478 8vo	<i>antiphonale</i>	kyndilmessa; Agötumessa
Thott 513 8vo	<i>antiphonale</i>	aðventa og jólanótt
Thott 1494 4to (fjarlægt)	<i>graduale</i> , 15. öld	krossmessa á hausti
Add. 1 4to (fjarlægt)	<i>graduale</i> , 15. öld	jól

Tafla 1. Söngbókabrot um íslensk handrit in situ í
Konunglega bókasafninu, Kaupmannahöfn.

21 Sjá einnig um ofangreind þrjú handrit í Tom Lorenz, „Latin *in situ* Fragments Connected to Iceland: A Survey,“ 68–70.

Tvö skinnblöð til viðbótar hafa verið fjarlægð úr bandi bókar á Konungs-
bókhlöðu í Kaupmannahöfn. Þau voru áður höfð í band á riti Þórðar
Magnússonar, *Compendium Arithmeticum* frá 1723 (Add. 1 4to). Blöðin eru
úr *graduale*, líklega frá 15. öld, og hafa að geyma messusöngva á jólum. Eins
og Jón Helgason benti á hafa fleiri blöð úr sömu bók varðveist í safninu
Acc. 7b og verða tengsl þessara brota rakin nánar hér að aftan.²²

Einnig eru söngbókabrot í bandi eða kápum utan um átta handrit á
Konungsbókhlöðu í Stokkhólmi (sjá *Töflu 2*). Tom Lorenz hefur nýlega
gert grein fyrir þessum handritum og öðrum í sænskum söfnum þar sem
skinnbrot án nótna eru höfð í band eða kápur. Hér verður því aðeins tæpt
á nokkrum atriðum sem tengjast tónlistinni sem Lorenz fjallar ekki um.

Safnmark	Upprunabók	Innihald/messudagar
Isl. papp. 4:o 10	<i>graduale</i> , 15. öld	þrenningarhátíð
Isl. papp. 4:o 18	<i>sequentiarium</i>	krossmessa á hausti (<i>Grates ho- nos hierarchia</i>) og Máritíusmessa (<i>Alludat ledus ordo</i>)
Isl. papp. 4:o 19	<i>graduale</i> , 15. öld	messudagur píslarvotta
Isl. papp. 4:o 26	<i>graduale</i>	himnaför Maríu
Isl. papp. 4:o 27	<i>missale</i> , 14. öld	krossmessa
Isl. papp. 4:o 34	<i>missale</i>	Vincentíusmessa
Isl. papp. 8:o 2 (fjarlægt)	<i>graduale</i> , 14. öld	fastir messuliðir (Sanctus/Agnus Dei)
Isl. papp. 8:o 15 (fjarlægt)	<i>antiphonarium</i>	á jólum
R 717	<i>missale</i> eða <i>sequent- iarium</i>	Cuthbertsmessa (<i>Alme concrepent</i>)

Tafla 2. Söngbókabrot um íslensk handrit in situ í Konunglega bókasafninu í
Stokkhólmi og Háskólabókasafninu í Uppsölum.

Isl. papp. 4:o 10 er handrit af Snorra-Eddu frá síðari hluta 17. aldar.²³ Blað
úr kaþólskri messusöngsbók (*graduale*) frá 15. öld hefur verið notað sem
kápa og nær yfir fremri hlið og hálfa aftari hlið handritsins; annað skinn-
blað verið fest þar við til að ná yfir það sem upp á vantar. Á blaðinu eru
söngvar fyrir Þrenningarhátíð (sjá *Mynd 1*). Á ytri framhlið er inngangs-

22 Jón Helgason, viðbót við formála fyrir Eggen, *The Sequences of the Archbishopric of Nidarós*, 1:1.

23 Vilhelm Gödel, *Katalog öfver Kongl. Bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter*, 272–273.

sálmur messunnar þann dag *Benedicta sit sancta trinitas*; neðst á sama blaði hefst sekvensían *Benedicta sit beata trinitas* og er framhaldið á innra blaðinu en vantar síðustu tvær hendingar aftan við.²⁴ Nokkuð ljóst virðist að nótnabrotið hafi fylgt handritinu frá Íslandi og sé ritað þar. Upphafsstafur í *Benedicta sit sancta trinitas* er skreyttur með laufteiningum, eins og lengi tíðkaðist í íslenskum handritum, með rauðu, gulu og blágrænu bleki (sbr. einnig brotið Þjms 833 þótt það handrit sé verk annars skrifara). Rithöndinni svipar mjög til þeirrar á Acc. 7, Hs 14, þ.e.a.s. hvað textann varðar. Á spássíu eins nótnablaðsins hefur verið ritað inntak yngra handritsins, á íslensku, og virðist sú skrift vera frá 17. öld.



Mynd 1. Blað úr kaþólskri messusöngsbók frá 15. öld, kápa utan um handrit Snorra-Eddu frá síðari hluta 17. aldar (Kungliga biblioteket, Isl. papp. 4:o 10).

Isl. papp. 4:o 18 er sagnahandrit, hefur að geyma Laxdælu og Vatnsdæla sögu, en er bundið inn í brot úr tveimur handritum, saltara frá 15. öld og sekvensiubók sem Lilli Gjerløw taldi frá 13. öld, og hefur að geyma brot úr tveimur sekvensíum: *Grates honos hierarchia* sem tilheyrir krossmessu

24 Sjá Gjerløw, *Liturgica Islandica*, 1:6.

á hausti (14. september) og *Alludat letus ordo* sem tilheyrir Máritíusmessu (22. september).²⁵ *Grates honos hierarchia* er eignuð þýska munkinum Hermannus Contractus sem bjó og starfaði í Reichenau (sjá *Analecta hymnica* 50, nr. 239) en hún er fremur sjaldséð í heimildum og handritsbrotið í Svíþjóð er eina dæmið sem varðveist hefur á Norðurlöndum.²⁶ Síðari hluti hinnar sekvensiunnar, *Alludat letus ordo* er varðveittur í einu öðru íslensku handriti, AM Acc. 7, Hs 3, sem er brot 13 blaða sem rituð voru af samverkamanni Jóns Þorlákssonar á síðari hluta 15. aldar.²⁷

Til viðbótar þessu eru í bandi íslenskra handrita á Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi brot úr fjórum messusöngsbókum og einni tíðasöngsbók (sjá *Töflu* 2). Þá hefur skinnblað verið fjarlægt úr bandi Isl. papp. 8:o 2 þegar það fékk nýtt band en er enn geymt með handritinu, sem er rímnahandrit frá fyrri hluta 17. aldar, undir sama safnmarki. Hefur blaðið að geyma söngva við tvo fasta messuliði, Sanctus og Agnus Dei, sem báðir hafa viðbótar-texta (svonefnda *trópa*), vafalaust til söngs við Maríumessur: „Benedictus Marie filius qui venit in nomine Domini“ og „Agnus Dei Marie filius qui tollis peccata mundi“. ²⁸ Aðeins eitt annað tróperað Agnus Dei hefur fundist í íslensku handriti, „Agnus Dei clemens here“ á tvísöngsblaðinu AM 8o b 8vo en þar er aðeins niðurlagið og vantar auk þess stærstan hluta mótraddarinnar (sjá nánar bls. 297).

Auk þessa er í Háskólabókasafninu í Uppsölum rímnahandrit frá 17. öld (R 717) sem er bundið inn í skinnblað frá 13. öld þar sem greina má fáeinar línur úr *Alme concrepent* (AH 10:211), sem er sekvensía fyrir

25 Gjerløw, *Liturgica Islandica*, 1:7; sjá einnig *Orðubók*, 394 og 396.

26 Eggen getur ekki um sekvensiuna í riti sínu enda einbeitti hann sér að söfnum í Noregi, Danmörku og á Íslandi; sjá þó athugasemd Jóns Helgasonar í *The Sequences of the Archbishopric of Nidarós* (1:lii) þar sem hann bendir á að enn séu ókönnuð handritabrot í Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi.

27 Handritið bar áður safnmarkið „codex A“; sjá Eggen, *The Sequences*, 2:210 og Andersen, *Katalog*, 15–18.

28 Það kallaðist *trópi* (þýs. *Tropus*, fr./en. *trope*) þegar eldri kirkjusöng var breytt með því að bæta við hann nýjum tónhendingum og/edá texta; um þá gjörð að breyta kirkjusöng með þessum hætti er höfð sögnin að *trópera*, sbr. Árni Heimir Ingólfsson, *Saga tónlistarinnar. Tónlist á Vesturlöndum frá miðöldum til nútímans* (Reykjavík: Forlagið, 2016), 33–34. Sömu Sanctus- og Agnus Dei-trópa og standa í ofan nefndu broti er meðal annars að finna í síðari viðbót við tíðasöngsbók frá 12. öld í Háskólabókasafninu í Utrecht (Universiteitsbibliotheek, Ms. 406, 237v; sjá <https://cantusdatabase.org/source/123641>, sótt 21. mars 2025). Oft voru fastir messuliðir eins konar viðbót aftast í messusöngsbókum og þar mátti einnig rita fasta messuliði sem bundnir voru tilteknum hátíðum eins og raunin var með trópa af þessu tagi.

Cuthbertsmessu. Þessi sekvensía er sjaldgæf utan Durham-sóknar í norð-austur-Englandi en hana er einnig að finna í öðru íslensku handritsbroti (AM Acc. 7 Hs 14) og telst því annað dæmi um tilbeiðslu Cuthberts hér á landi.²⁹ Rímnahandritið kom til safnsins í Uppsölum með bókum Salan-bræðra árið 1717 en virðist hafa verið á Íslandi ekki löngu áður. Á spássíu nótnablaðsins sem er brotin inn á innri kápu eru skrifuð nöfnin Þorgrímur Þorkelsson og „Hallur Eiríksson með eigin hendi“ og er líklegt að þar sé um að ræða son Eiríks Hallssonar sem varð prestur á Höfða í Grýtubakkahreppi eftir föður sinn. Hallur er talinn fæddur um 1662 og lést árið 1747.

Nefna má eitt skinnbókarblað til viðbótar sem enn er í bandi bókar. MS Icelandic 7 í bókasafni Harvard-háskóla er handrit Konungs skuggsjár, líklega frá um 1700. Konrad Maurer átti handritið og eftir hans dag komst það í eigu sagnfræðiprófessorsins Archibalds Cary Coolidge sem gaf Harvard-safninu það árið 1904. Ekkert meira er vitað um uppruna bókarinnar en líklega eignaðist Maurer hana í Íslandsferð sinni árið 1858.³⁰ Bókin hefur verið í slæmu ástandi þegar hún barst safninu. Líklega náði skinnbókarblaðið eitt sinn alveg utan um kverið en svo er ekki lengur, nú er aðeins kjölurinn eftir og smáræmur að framan og aftan. Bæði nótur og texti eru mjög máð og því er ekki að svo komnu máli unnt að fullyrða um efni blaðsins eða hvort það er með sömu hendi og önnur brot sem varðveist hafa.

Brot úr erlendum söngbókum og söngbókum frá því eftir siðaskipti

Enn eru hér ótalin nokkur brot úr handritum sem ólíklegt er að hafi verið skrifuð á Íslandi. Þrjú brot eru með strenglausum neumum og því rituð áður en nótnastrengir komu til sögunnar á 11. öld. JS fragm 10 er blað úr tíðasöngsbók og geymir söngva þriðju viku lönguföstu. Lbs fragm 29 er uppskafningur og virðist upphaflega lesmálið vera brot úr *antiphonarium* með strenglausum neumum yfir texta.³¹ NKS 1265 II e fol. er blað úr *antiphonarium* með tíðasöng á Andrésarmessu (30. nóvember). Ekki er vitað hvenær ritun helgisíðabóka hófst hér á landi en vænta má þess að í árdaga

29 Sjá Lorenz, „Latin *in situ* Fragments,“ 78–79; Eggen, *The Sequences*, 1: 248–250.

30 Sjá Kasimir von Rózycki, *Katalog der Bibliothek des verstorbenen Universitätsprofessors Konrad von Maurer* (München, 1903), 2. hluti, 99.

31 Magnús Már Lárusson, „Próun íslenzkrar kirkjutónlistar,“ í *Fróðleikspættir og sögubrot* (Hafnarfirði: Skuggsjá, 1967), 82.

kristindóms hafi erlendar bækur verið fluttar inn og á það mögulega við um ofantalin brot.³²

Einnig eru í söfnum yngri skinnbókabrot sem hafa borist til landsins með einum eða öðrum hætti. Lbs fragm 91 er brot úr *breviarium* frá 14. eða 15. öld með nótum af þeirri gerð sem kölluð er *Hufnagelschrift* og tíðkaðist á þýskumælandi svæðum en ekki í norðurálfi.³³ Brotin Þjskjs 1a–c eru líklega komin erlendis frá og voru notuð um reikninga frá lokum 16. aldar. SÁM 175 er eitt yngsta brotið af þessum toga sem komið hefur í íslenskt safn; það er blað úr tíðasöngsbók sem Margaret Cormack færði Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum árið 2018 en hún hafði keypt það í fornmunabúð í Kaupmannahöfn meira en þremur áratugum áður.³⁴

Fáein brot í ofanefndum söfnum eru íslensk en rituð eftir siðaskipti og hafa að geyma lútherskt efni við texta á íslensku. Þetta á við um brotin Lbs fragm 11 og 12, sem bæði eru uppskriftir á skinn úr hinum prentaða Grallara Guðbrands Þorlákssonar, og Þjms 827 þar sem innsetningarorð messunnar eru rituð á íslensku á það sem eitt sinn var autt blað í *missale* eins og sjá má á hinni hlið blaðsins, fagurlega lýstri, þar sem standa messutextar uppstigningardags.³⁵ Þá eru nokkur brot hreinlega of smá til þess að hægt sé að greina innihald þeirra, að minnsta kosti að nokkru ráði. Þetta á til dæmis við um Lbs 1230 8vo, Lbs fragm 76, AM Acc. 7 Hs 126 og 144 og AM Acc. 48 h.

Rannsóknir á íslenskum handritabrotum hafa að mestu miðast við handrit sem rituð voru og notuð á Íslandi. Þó má vera að einhverjir íslenskir skrifarar hafi einnig starfað í Noregi eða sent handrit sín þangað. Gisela Attinger hefur leitt líkur að því að brot úr messusöngsbók sem nú er á Þjóðskjalasafninu í Ósló (Lat. fragm. 281) kunni að vera ritað á Íslandi eða af íslenskum skrifara sem starfaði í Noregi og bendir á efnisleg

32 Hér má einnig nefna messubókina Stokkh. Kungl. Bibl. Isl. perg. 8°, no. 8 þar sem ritaðar eru strenglausar neumur við *communio*-sönginn *Confundantur superbi*, sjá Lilli Gjerløw, *Liturgica Islandica*, 1:11 og 2:1.

33 Smákverð sem nefnt er Codex Lindesianus (John Rylands Library, Manchester, Icelandic MS 1) er einnig bundið í brot úr söngbók með *Hufnagelschrift* og á það blað tæpast uppruna sinn á Íslandi.

34 handrit.is, Sólveig Hrönn Hilmarsdóttir skráði (11. ágúst 2021).

35 Um Þjms 827 sjá nánar Árni Heimir Ingólfsson, *Tónlist liðinna alda*, 60–61. Einnig má nefna þrjú smábrot úr Grallarauppskrift á íslensku (líklega frá um 1600) sem tilheyra safnmarkinu Accessoria 7 í Árnasafni í Kaupmannahöfn; þau eru ekki skráð í úttekkt Merete Geert Andersen sem eingöngu nær til brota með latneskum texta. Sjá Árni Heimir Ingólfsson, „Copying the Icelandic Graduale in the Sixteenth and Seventeenth Centuries,“ *Opuscula* 18 (2020): 4.

einkenni handritagerðarinnar, í þessu tilviki óvenju dökkt blek og nótna-skriftina, þ.e. „tvöfaldar“ nótur, máli sínu til stuðnings.³⁶ Vera má að með frekari rannsóknnum verði unnt að bera kennsl á fleiri brot í erlendum söfnum sem bera „íslensk“ einkenni af þessu tagi þótt vitaskuld sé erfitt að fullyrða um slíkt með neinni vissu.

Handrit sem heyra saman

Mikið starf hefur þegar verið innt af hendi við skráningu og rannsóknir á brotum úr kaþólskum helgisíðabókum, eins og vikið er að hér að framan, og er skrá Merete Geert Andersen um brotin undir safnmarkinu Accessoria 7 veigamesta afurð þeirrar vinnu. Þó verður líklega seint fulllokið þeirri vinnu að greina sömu rithönd eða brot úr sama handriti í ólíkum söfnum. Erfitt getur verið að álykta um skyldleika handritabrota þegar ekki er unnt að bera þau saman hlið við hlið. Með góðum ljósmyndum og skráningu má þó komast nær því að fullyrða um slíkt. Hér verður gerð grein fyrir fáeinum slíkum tilvikum þar sem ekki hafa áður verið tengd saman handritabrot sem virðast heyra saman.

Í kaþólskum sið voru sungnar þrjár messur á jólum: á miðnætti (*ad primam missam in nocte*), við sólarupprás (*ad secundum missam in aurora*) og á jóladag (*ad tertiam missam in die*). Í Kaupmannahöfn er að finna megnið af þessu efni úr einu og sama handritinu á alls fjórum blöðum í tveimur söfnum. Fyrra brotið er í Konungsbókhöfðu og var upphaflega haft utan um handrit Þórðar Magnússonar um reikningskúnst, *Compendium Arithmeticum* frá 1723 (Add. 1 4to), en Þórður var bróðursonur Árna Magnússonar. Tvö söngbókarblöð hafa verið fjarlægð úr bandi bókarinnar og eru þau ekki skert að öðru leyti en því að skorið hefur verið af hornum. Nú eru þau 18,4 × 23,3 cm en ritflötur er 13,5 cm. Á fyrra blaðinu standa söngvar messu á jólanótt, sekvensían *Nato canunt omnia* og fórnarsöngurinn *Laetentur caeli*. Á seinna blaðinu er sekvensían *Caelica resonant*, sem sungin var við messu á jóladag, en nokkuð vantar framan á hana; á verso-hlið er einnig fórnarsöngurinn *Tui sunt celi*.³⁷ Hvorug sekvensían er þekkt úr öðru íslensku handriti. *Nato canunt omnia* er þekkt úr tveimur norskum handritum en í báðum vantar seinni hluta söngsins; *Caelica resonant* er hvergi varðveitt í norrænum handritum nema hér.³⁸

36 Gisela Attinger, „Iceland and Norway: Separate Scribal Cultures,“ 231–232.

37 Sjá Lilli Gjøløw, *Ordo Nidrosiensis Ecclesiae*, 153 og 155.

38 Sjá Eggen, *The Sequences*, 13–15, og formála Jóns Helgasonar að sama riti, l. Gisela Attinger

Blöðin úr bandi Add. 1 4to í Konungsbókhöfðu eru úr sömu bók og þau brot sem nú eru skráð sem Hs 15 í Accessoria 7 á Árnasafni í Kaupmannahöfn.³⁹ Þar er einnig um að ræða tvö blöð, lítið eitt skörin, sem áður voru í bandi utan um handritið AM 103 4to. Söngvarnir í Hs 15 tilheyrir einnig jólum, þ.e. nætursöng og messu við sólarupprás. Fyrst kemur niðurlag *Liber generationis*, ættartölu Krists úr Matteusarguðspjalli, þá inngangssöngur morgunmessu, *Lux fulgebit*. Því næst koma aðrir söngvar sömu messu: Graduale, Alleluia og loks sekvensían *Celeste organum* en síðustu tvær hendingarnar vantar.⁴⁰ Af þessu er ljóst að blöðin í Add. 1 4to lágu upphaflega á milli þeirra tveggja sem nú bera safnmarkið Hs 15. Saman geyma þau efni fyrir allar þrjár jólamessur en tvö blöð hafa tapast innan úr, eitt þar sem áður var upphaf *Liber generationis* og annað með upphafssöngvum þriðju jólamessu.



Mynd 2. Blöð úr íslenskri messusöngsbók frá síðari hluta 15. aldar:

a) KB Add. 1 4to; b) Accessoria 7, Hs 15, ljósmyndari: Suzanne Reitz.

þjallar eingöngu um brot í íslenskum söfnum í annars framúrskarandi yfirliti sínu yfir sekvensir í kaþólskum sið, „Icelandic Manuscripts Containing Sequences: A Presentation of Twelve Medieval Fragments.“ Texti *Caelica resonant* er í *Analecta hymnica* 53: 19.

39 Sjá Andersen, *Katalog*, 29; Eggen, *The Sequences*, 1: xlv og 25–26.

40 Sjá Eggen, *The Sequences*, 1: 25–26. Sekvensían *Celeste organum* var prentuð í íslenski þýðingu (*Hátið þessa heimsins þjóð*) í lúthersku sálmabókunum 1589 og 1619 auk Grallarans frá og með útgáfunni 1691, sjá Árni Heimir Ingólfsson, „Sléttisöngur í lútherskum sið á Íslandi, 1550–1800,“ *Gripla* 31 (2020): 306 og 315–316.

Söngurinn *Lux fulgebit* (Hs 15) er skreyttur með stórum rauðum bókstaf enda markar hann upphaf messunnar. Þessi skreyting á samsvörun í rauðum upphafsstaf við *Nato canunt omnia* í Add. 1 4to þótt sá sé öllu smærri. Athygli vekur að Árni Magnússon og Þórður bróðursonur hans skuli hafa bundið tvær bækur sínar í brot sem ekki aðeins komu úr sama handriti heldur úr sama hluta þess, þ.e. helgihaldi jólanna. Árni átti eflaust í fórum sínum vænan stafla af slitrum kaþólskra söngbóka sem hann notaði í band eftir þörfum. Vitaskuld voru slík brot það síðasta sem þótti ríða á að bjarga frá eldinum voðalega í Kaupmannahöfn árið 1728. Þar fuðruðu upp á augabragði þau blöð sem ekki höfðu þá þegar mætt hnífi bókasafnarans.


Árni Magnússon notaði blöð úr gömlum skinnbókum einnig utan um prentaðar bækur sínar. Flestar prentaðar bækur hans glötuðust eins og kunnugt er í brunanum mikla en nokkrar slíkar eru enn varðveittar og tvær þeirra eru enn bundnar í blöð úr íslenskum söngbókum. Brot með hendi Jóns Þorlákssonar, að öllum líkindum úr Gufudalsgrallara, er enn utan um prentaða skrá sem var í eigu Árna yfir uppboð á bókum úr eigu Lovísu Danadrottningar (*Catalogus Selectiorum*, Kaupmannahöfn 1723, sjá *Töflu* 3). Á blaðinu er meðal annars brot úr sekvensíunni *Celi enarrant gloriam*, fyrir *Divisio Apostolorum* eða skilnað postulanna, 15. júlí.⁴¹ Svo vill til að seinni hluti sekvensíunnar er á blaði úr *Missale Scardense* á Árnasafni og því liggur beinast við að ætla að samliggjandi blöð hafi verið í safni Árna Magnússonar og hann notað annað þeirra utan um sitt prentaða rit en hitt hafi legið óhreyft ásamt öðrum blöðum úr sömu messubók. Önnur prentuð bók úr safni Árna, *Caroli Lundii Notæ ac Observationes* (Uppsölum, 1703), er bundin í blað úr *Missale Scardense* sem ritað er af þeim sem kallaður hefur verið „skrifari B“ eða Jón á Hóli eftir tillögu Stefáns Karlssonar (sjá nánar hér að aftan).⁴²

Stundum eru öll brot sem varðveitt eru úr tiltekinni bók á sama safni sem gerir hægara um vik að skoða þau saman. Þetta á til dæmis við um brot úr kaþólskri messusöngsbók, líklega frá 15. öld, sem varðveitt eru á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og bera þrjú safnmörk: AM Accessoria 48 a, AM Accessoria 48 d og AM 471 4to. Í hinu síðastnefnda, sem er söguhandrit frá um 1450–1500, eru blöðin enn í bandinu sem fremri og aftari saurbloð en voru upphaflega tvinn sem skorið var í tvennt. Efri hluti tvinnis er nú aftara saurbloð, neðri hluti tvinnis er fremra

41 Sjá Eggen, *The Sequences*, 1: 201–205; Andersen, „Colligere fragmenta,“ 22.

42 Andersen, „Colligere fragmenta,“ 19.

saurblað (á hvolfi). Acc. 48 a er fjögur brot sem áður voru eitt blað. Með því að raða þeim saman má sjá nokkurn veginn hvernig blaðið leit út í upphafi, en þó hefur tapast nokkuð efni þar sem blaðið var skorið (sjá Mynd 3).



Mynd 3. AM Accessoria 48 a.

Blöðin eru skreytt með rauðum og grænum upphafsstöfum, nótnastrengir eru með rauðu bleki og einnig eru rauðar lykkjur hafðar undir tónarunum þegar sungið er lengi á sama atkvæði. Á blöðunum í AM 471 4to er að finna messusöngva fyrir 11. og 12. sunnudag eftir þrenningarhátíð. Accessoria 48 a geymir brot úr *sanctorale*-hluta bókarinnar, nánar tiltekið fyrir messur heilags Filippusar (3. maí) og Jakobs (11. maí), en Accessoria 48 d tilheyrir fjórða sunnudegi í föstu (*Laetare* eða *Domenica IV in Quadragesima*). Ekkert var til sparað við gerð söngbókarinnar, hún var í stóru broti (um 381 mm × 270 mm, að því er virðist) og spássiur breiðar.

Fimm blöð hafa varðveist úr því sem virðist hafa verið eitt tíðasöngs-handrit, eða í það minnsta verk sama skrifara: Thott 513 8vo, Lbs fragm 43 og Þjms 194, 954 og 7437 (sjá *Mynd 4*). Handritið virðist ritað um 1500 eða á síðari hluta 15. aldar og í því voru rauðir og grænir upphafsstafir og rauðar fyrirsagnir. Flest þessara brota eru mjög máð en hafa sömu ein-kenni, einkum ávala leturgerð og upphleypt letur á skinninu. Brotið sem ber safnmarkið Thott 513 8vo er enn band utan um rímnahandrit ritað á Kröggólfsstöðum í Ölfusi árið 1760; á söngbókarbrotinu er tíðasöngur fyrir fjórða sunnudag í aðventu og jólanótt. Blaðið Þjms 194 er einnig snjáð og máð en þó að mestu læsilegt. Það hefur að geyma tíðasöng á messudögum heilagrar Agnesar og heilags Vincentíusar, 21.–22. janúar. Á Lbs fragm 43 er ritaður tíðasöngur sunnudags í föstuinngang (*Dominica in Quinquagesima*), Þjms 954 geymir söng á jóladag (1r) og áttadag/nýársdag (*In circumcissione Domini*, 1v) en söngvarnir á Þjms 7437 eru við messu Jóhannesar postula og guðspjallamanns (27. desember).



Mynd 4. Brot úr tíðasöngsbók frá um 1500: Thott 513 8vo, innra band (a);
Lbs fragm 43, verso brot (b); Þjms 954, recto, brot (c).

Þegar rýnt er í sögu þessara fimm blaða sést að þau bárust víða að. Þjms 194 kom til Þjóðminjasafns 26. september 1864 frá Birni Björnssyni bónda á Breiðabólstað á Álftanesi. Þjms 954 kom til Þjóðminjasafns 14. júlí 1873 frá Jónatan Þorlákssyni á Þórðarstöðum í Fnjóskadal. Þjms 7437 kom úr Þjóðskjalasafni en þar var það fjarlægð úr bandi á

sálnaregistrí Mývatnsþinga (1785–1815) í mars 1917. Lbs fragm 43 er úr safni Valdimars Ásmundssonar ritstjóra, sem var fæddur og uppalinn í Suður-Þingeyjarsýslu, en ekki er vitað nánar hvernig eða hvenær honum áskotnaðist blaðið. Séu blöðin öll úr sömu bók eru þau úr sama hluta hennar og geyma tíðasöng í desember og janúar auk sunnudags í föstuinn-gang. Ekki er þó hægt að útiloka að hér sé um að ræða brot úr fleiri tíða-söngsbókum sama skrifara. Lélegt ástand blaðanna gerir örðugra en ella að bera saman blæbrigði skriftar og frágangs. Lilli Gjerløw gat sér þess til að handritið ætti mögulega uppruna sinn á Hólum en Gisela Attinger hefur bent á að of lítið sé vitað um upprunann til að hægt sé að slá því föstu.⁴³

Einnig má geta þess að tvö skinnblöð úr tíðasöngsbókum, Þjms 166 og Acc. 7 Hs 53, eru augljóslega verk sama skrifara þótt ekki séu þau komin úr sömu bók (sjá *Mynd* 5). Þjms 166 er næstum heilt blað (13 heilir nótnastrengir með texta en vantar þó a.m.k. neðstu línu texta og nótna); blaðið hefur að geyma tíðasöng sunnudaga eftir páska og er breidd leturflatar 155 mm. Hs 53 er ögn smærra handrit, breidd leturflatar er 140 mm, og hefur verið skorið meira neðan af blaðinu; á því eru aðeins sjö nótnastrengir. Blaðið geymir tíðasöng fyrir messu Filippusar og Jakobs (1. maí), og kross-messu á vori (3. maí).⁴⁴ Skriftin er augljóslega sú sama á báðum brotum, bæði texti og nótur. Meðal þess sem einkennir stafagerðina er skreytt S sem kemur fyrir á báðum blöðum.⁴⁵ Neumurnar eru fingerðari en oft tíðkaðist í íslenskum söngbókum og eru meiri á lengd en á breidd, fremur en hreinir ferningar. Ljóst er að bæði handritin höfðu rauða nótnastrengi þótt þeir séu vart greinanlegir lengur á Þjms 166 þar sem skriftin er mjög máð.


Ekki hafa varðveist nægar upplýsingar um umrædd blöð til að neitt verði ályktað um tilurðarstað þeirra, hvað þá mögulegan skrifara. Þó er ljóst að handritin voru skrifuð á Íslandi um 1300.⁴⁶ Brotið Þjms 166 kom til Þjóðminjasafns hinn 27. september 1864 og var gjöf frá Jóni Ólafssyni, síðar ritstjóra *Þjóðólfs*, en hann var þá 14 ára gamall prestssonur

43 Lilli Gjerløw, *Antiphonarium Nidrosiensis Ecclesiae*, 259–261; Gisela Attinger, „Monastic Musical Fragments,“ 8.

44 Andersen, *Katalog*, 57–58.

45 Svipað S er að finna í öðrum brotum sem augljóslega eru verk annarra skrifara (sjá t.d. Þjms 612) en þar eru lykkjurnar fleiri og ekki fyllt upp í aðra hverja þeirra með lóðréttum strikum eins og í þeim brotum sem hér um ræðir.

46 Andersen, *Katalog*, 57.



Mynd 5. Brot úr tíðasöngsbókum sama skrifara frá um 1300: Þjms 166, recto (t.v.) og Acc. 7 Hs 53, recto (t.h.), ljósmyndari: Suzanne Reitz.

frá Kolfreyjustað á Fáskrúðsfirði.⁴⁷ Allt er óvíst um það hvernig honum áskotnaðist blaðið, hvort það hafi verið á æskuheimili hans fyrir austan og þá væntanlega gefið Þjóðminjasafni með samþykki föður hans, séra Ólafs Indriðasonar, eða hvort hann hafi eignast það í Reykjavík þar sem hann hóf nám við Lærða skólann árið 1863, ári áður en hann gaf það á safn. Blaðið í safni Árna Magnússonar var áður utan um handritið AM 439 12mo sem er lítið kver sem Stefán Ólafsson, síðar prestur í Vallanesi, átti og skrifaði í eigin kveðskap þegar hann var á unglingsaldri. Fremst í kverinu stendur að Stefán hafi byrjað ritið á Kirkjubæ í Hróarstungu árið 1636 þegar hann var 18 ára gamall.⁴⁸ Athyglisvert er að bæði brotin skuli tengjast ungum mönnum af Austfjörðum með næstum 250 ára bili. Það hlýtur þó fyrst og fremst að teljast skemmtileg tilviljun enda óvíst hvort skinnblaðið sem nú ber safnmarkið AM Acc. 7, Hs 53 var utan um kvæðabók Stefáns frá upphafi eða kom til síðar.

47 Sólveig Hrönn Hilmarsdóttir, skráning á handrit.is.

48 Kålund, *Katalog* 2:486.

Söngbækur Jóns Þorlákssonar

Aðeins er unnt að nafngreina einn íslenskan nótnaritara í kaþólskum sið með fullkominni vissu. AM 8o b 8vo er stakt blað úr grallarahandriti, ritað af Jóni Þorlákssyni árið 1473 og gefið klaustrinu á Munkaþverá eins og lesa má á gjafavottorði sem stendur milli lína Credo-tvísöngs á blaðinu sem varðveist hefur. Líklega var þetta næstsíðasta blað bókarinnar því að nokkuð vantar aftan á nóturnar en varla hefur slíkt vottorð staðið í miðri bók.⁴⁹ Jón Þorláksson var kunnur skrifari á sinni tíð og hefur oft verið vitnað í sögn þá sem séra Jón Egilsson í Hrepphólum (1548–1639?) hafði eftir afa sínum, séra Einari Ólafssyni, að sagt hefði verið „að iij fingurnar á hægri hendinni hefði aldrei á honum dauðum stirðnað, og það hefði talað verið, að þeir hefði látið pennann í höndina á honum dauðum, en hann hefði átt að skrifa þessi orð: ‘gratia plena, dominus tecum’.“⁵⁰

Um verk Jóns Þorlákssonar og það hver hann var hefur margt verið skrifað og verður því ekki fjölýrt um það hér.⁵¹ Þegar allt er talið saman hafa allmörg brot varðveist með hendi Jóns úr hinum ýmsu handritum. Þar ber helst að nefna *Missale Scardense* en af þeirri messubók hafa varðveist 65 blöð og eru 44 þeirra með hendi Jóns.⁵² Hin blöðin eru rituð af einhverjum sem fræðimenn nefndu lengi „skrifara B“ (Lilli Gjerløw kallaði hann „fellow-scribe“ Jóns, sjá *Liturgica Islandica* 1:59) en er nú almennt talinn hafa verið bróðir og alnafni Jóns, og kallaður „Jón á Hóli“ en hinn kallaður „Jón í Langeyjarnesi“ til aðgreiningar. Vera má að kirkjan á Skarði hafi eitt sinn einnig átt tíðasöngsbók með hendi Jóns í Langeyjarnesi. Að minnsta kosti er brotið Lbs fragm 41, sem er mjög tætt brot úr *antiphonale*, aðeins fimm nótnastrengir hvoru megin, komið úr bréfabók Eggerts „ríka“ Björnssonar á árunum 1632–1673, en Eggert var búsettur á Skarði mestan hluta ævinnar.⁵³

49 Sjá Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld,“ *Gripla* 27 (2016): 162–163.

50 Tilvitnun í Ólafur Halldórsson, „Jónar tveir Þorlákssynir,“ í *Afmálsrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors 2. júlí 1971 frá nemendum hans*, ritstj. Aðalgeir Kristjánsson et al. (Reykjavík: Leiftur, 1971), 130.

51 Sjá einkum Ólafur Halldórsson, „Jónar tveir Þorlákssynir,“ Stefán Karlsson, „Sex skriffingur,“ *Opuscula* 7 (1979): 36–43; Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld,“ *Gripla* 27: 162–198.

52 Blöðin með hendi Jóns eru AM Acc. 7, Hs 1, 1r–15r og 41r20–65v auk fyrrsagna á 15v–65r, NKS 1265 II a fol. og Lbs fragm 19. Sjá einnig Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld,“ *Gripla* 27: 172.

53 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, 1–5 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952), 1: 314.

Ólíkt messubókinni á Skarðsströnd virðist Jón „í Langeyjarnesi“ hafa verið einn að verki þegar ritað var *graduale* fyrir kirkjuna í Gufudal, að líkindum á tímabilinu 1450–1470. Úr svonefndum Gufudalsgrallara hafa varðveist 37 blöð og öll með hendi Jóns, flest í Accessoria 7 (Hs 2, 34 blöð) en einnig tvö blöð sem varðveitt eru á Íslandi (AM 266 4to) og eitt blað í bandi utan um prentaða bók Árna Magnússonar sem fyrr er getið.⁵⁴



Jafn fær skrifari og Jón Þorláksson hlýtur að hafa ritað margar kirkju-söngsbækur og líklega hafa brot varðveist úr nokkrum þeirra. Þó er vandasamt að fullyrða um slíkt þegar um er að ræða fleiri en eina bók sama skrifara með sama efni. Jakob Benediktsson getur þess í skrá sinni um skinnbrot í Landsbókasafni að Lbs fragm 45 og Lbs fragm 46 séu líklega úr sama handriti og Jón Helgason getur þess í athugasemd sem fylgir hinu síðarnefnda að líklega séu brotin Þjms 30, 716 og 3411 úr sömu bók.⁵⁵ Enn eitt brot má nefna til sögunnar í þessu samhengi, Þjms 8276, sem er neðri hluti sama blaðs og Lbs fragm 45 (sjá *Mynd 6 og 7*).⁵⁶ Á efri hluta recto-blaðs stendur meðal annars brot úr sekvensíunni *Salus eterna*, sem var einn meginliður messunnar við upphaf adventu, en á neðri hlið sama blaðs hefst messusöngur fyrir annan sunnudag adventu eins og lesa má af rúbrikku sem rituð er með rauðu bleki: „Dominica secunda advento“. Hvaðan af landinu blaðið er upprunnið verður ekkert sagt með vissu: Þjms 8276 var áður í eigu Boga Sigurðssonar í Hvammsfirði en Lbs fragm 45 barst til Landsbókasafns úr dánarbúi Jóns Péturssonar dómstjóra sem starfaði víða um land.⁵⁷ Þegar blöðin eru lögð saman sést að á þeim eru 13 nótnastrengir og á það við um fleiri brot úr gröllurum með hendi Jóns Þorlákssonar (t.d. Þjms 4126); vel má vera að þar sé komið annað blað úr sömu messu-söngsbók.

54 Prentaða bókin er *Catalogus Selectiorum omnis generis variique idiomatis Librorum* (Kaupmannahöfn, 1723), sjá Andersen, *Katalog*, 10); um AM 266 4to sjá Magnús Már Lárusson, „Orðubrot frá Gufudal,“ *Kirkjuritið* 24 (1958): 203–214; endurprentað í *Fróðleikspættir og sögubrot*, 62–72.



55 Lilli Gjerløw nefnir aðeins Lbs fragm 46 í riti sínu (*Liturgica Islandica* 1: 61) og segir blaðið standa stakt, en nefnir ekki Lbs fragm 45. Hún getur þess að Lbs fragm 46 séu 14 nótnastrengir en það á aðeins við um recto-hlið blaðsins og virðist neðstu línunni hafa verið bætt við síðar á neðri spássú.

56 Sbr. Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld,“ 171. Bjarni Þorsteinsson kallar blaðið Lbs fragm 45 „Lbs VIII“ og birtir upphaf söngsins *Ex Syon species* í þjóðlagasafni sínu, sjá *Íslenzk þjóðlög*, 193–194.

57 Bjarni Þorsteinsson, *Íslenzk þjóðlög*, 193; Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* 3: 248–249.



Mynd 6. Lbs fragm 45 (efri hluti) og Þjms 8276 (neðri hluti), recto-hlið.
 Blaðið hefur að geyma niðurlag sekvensíu og fórnarsöng (Communio)
 messunnar fyrsta sunnudag í adventu og inngöngusöng (Introitus) messu
 annan sunnudag í adventu sbr. Orðubók, bls. 133 og 138.



Mynd 7. Lbs fragm 45 (efri hluti) og Þjms 8276 (neðri hluti), verso-hlið.
 Blaðið hefur að geyma breytilega liði messunnar annan og
 þriðja sunnudag í adventu, sbr. Orðubók bls. 138 og 141.

<i>Safnmark</i>	<i>Uppruni</i>
AM Acc 7, Hs 1, 40 blöð	<i>Missale Scardense</i>
NKS 1265 II a fol.	blað úr <i>Missale Scardense</i>
Lbs fragm 19	þrjú brot úr <i>Missale Scardense</i> , sbr. Gjerløw, <i>Liturgica Islandica</i> , bls. 59–60; Andersen, „Colligere fragmenta,“ bls. 19.
AM Acc 7, Hs 2, 37 bl.	<i>graduale</i> úr Gufudal (Gufudalsgrallari)
AM 266 4to	tvö blöð úr Gufudalsgrallara
<i>Catalogus Selectiorum ... Librorum (1723)</i>	blað úr Gufudalsgrallara
AM 80 b 8vo	blað úr <i>graduale</i> , með tvísöngvum
Lbs fragm 46, Þjms 30, 716 og 3411 ⁵⁸	<i>graduale</i> , fjögur blöð
Thott 1494 4to	<i>graduale</i> , eitt blað (tilheyrir mögulega sömu bók og Lbs fragm 46 o.s.frv.)
AM 241 b IV fol.	tvinn úr <i>graduale</i> , Hallvarðsmessa og Pétursmessa og Páls.
AM 241 b III β fol.	<i>antiphonale</i> , hluti af Ólafstiðum (29. júlí)
Lbs fragm 41	<i>antiphonale</i> , eitt blað (tilheyrir mögulega sömu bók og AM 241 b III β fol.)
Lbs fragm 45 og Þjms 8276	<i>graduale</i> , eitt blað (fyrsti og annar sunnudagur í aðventu)
Þjms 4126	<i>graduale</i> , eitt blað

Tafla 3. Söngbókabrot með hendi Jóns Þorlákssonar („Jóns í Langeyjarnesi“).

Af þeim handritabrotum sem varðveist hafa með hendi Jóns Þorlákssonar er tvísöngsbrotið AM 80 b 8vo hið merkasta hvað sögu tónlistar á Íslandi snertir. Það hefur að geyma brot úr tveimur tvísöngvum og er elsta heimild um slíkan söng á nótum hér á landi þótt ljóst sé að hann hafi verið iðkaður löngu áður. Lárentíus Kálfsson, biskup á Hólum á fyrri hluta 13. aldar, vildi hvorki „láta tripla eða tvísýngja, kallandi þat leikaraskap, heldr syngja sléttan söng eftir því sem tónað væri á kórbókum“ eins og getið er um í

58 Sjá miða með hendi Jóns Helgasonar, dags. 25. júní 1958, með Lbs fragm 46. Lilli Gjerløw taldi mögulegt að Lbs fragm 46 hefði tilheyrð sömu bók og AM 80 b 8vo, Munkaþverárbrotið frá 1473 (*Liturgica Islandica*, 1: 61) en það fæst varla staðist þar sem nótnastrengir eru svartir á því broti en rauðir á Lbs fragm 46 og Þjms-brotunum. Aftur á móti eru einnig svartir nótnastrengir á brotinu AM 241 b IV fol. og má vera að það hafi upphaflega tilheyrð sömu messusöngsbók og AM 80 b 8vo.

Lárentíus sögu.⁵⁹ Engar tvísöngsnótur hafa varðveist frá 13. öld en líklega var sá tvísöngur sem þá var iðkaður mjög í ætt við þann sem stendur á blaðinu AM 80 b 8vo.

Á blaðið AM 80 b 8vo eru ritaðir tveir af hinum föstu liðum messunnar, Agnus Dei (með trópa, Agnus „clemens here“) og Credo (sjá *Mynd 8*).⁶⁰ Blaðið hefst á miðjum Agnus Dei-söngnum og voru honum ætlaðir sex nótnastrengir þar sem efri og neðri rödd tvísöngs fylla til skiptis sinn nótnastrenginn hvor. Ekki fór það þó alveg eins og ætlað var því að hinn eiginlegi tvísöngur fyllir aðeins fyrri hluta fyrstu tveggja nótnastrengjanna. Eftir það heldur neðri röddin (þ.e. sléttsöngurinn) áfram allt til enda en efri röddina vantar; raunar hefur mun smærri nótum verið bætt við síðar á síðari hluta efsta nótnastrengs og við upphaf hins þriðja. Ekki er ljóst hvað olli því að Jón Þorláksson, sem augljóslega var reyndur nótmaskrifari og hlýtur að hafa verið vel að sér í tónlist, lauk ekki við að skrifa upp mót-röddina. Vera má að hann hafi ritað eftir forriti sem ekki var heilt en hann ekki áttað sig á því fyrr en í miðjum klíðum. Tvísöngur af þessu tagi, þar sem neðri rödd var sléttsöngur samkvæmt venju, var að hluta til spunahefð þótt hann væri oft festur á blað. Var stundum talað um að syngja „super librum“, þ.e. að bæta annarri rödd við það sem á bókina væri ritað. Þetta viðhorf má einmitt greina í orðalagi Lárentíus sögu þar sem hann vildi aðeins að sungið væri það sem ritað væri í kórbækur — og látið í veðri vaka að það eigi ekki við um tvísöng og „tripl“. Hafi forritið brugðist Jóni Þorlákssyni við ritun Agnus Dei-tvísöngsins hefur kunnátta hans í þessum efnum að minnsta kosti ekki nægt til þess að hann gæti sjálfur bætt mót-rödd við kirkjusönginn eftir eigin smekk.

59 *Biskupa sögur III*, 375–376. Sjá einnig *Laurentius saga biskups*, ritstj. Árni Björnsson (Reykjavík: Handritastofnun Íslands, 1969), 99.

60 Trópin „Agnus clemens here“ er í *AH* 47:398. Sjá nánar Árni Heimir Ingólfsson, „These are the Things You Never Forget: The Written and Oral Traditions of Icelandic *Tvísöngur*“ (doktorsritgerð, Harvard University, 2003), 48–50.




Mynd 8. AM 80 b 8vo, recto-hlið (efri hluti blaðs).

Tvisöngsbókin sem blaðið AM 80 b 8vo er úr var gefin klaustrinu á Munkaþverá. Vera má að fleiri klaustur og kirkjur á Norðurlandi hafi átt söngbækur ritaðar af Jóni Þorlákssyni. Vísbendingu um slíkt má finna á blaðinu Thott 1494 4to sem hefur verið fjarlægt úr bandi um handrit Snorra-Eddu frá 17. öld (sjá Mynd 9). Á blaðinu er messusöngur á krossmessu á vori (3. maí) með hendi Jóns, niðurlag sekvensíunnar *Laudes cruces attollamus* og upphaf fórnarsöngsins *Protege domine plebem tuam*. Blaðið var upphaflega utan um bók sem sett var saman á Möðruvöllum í Eyjafirði árið 1630 og séra Þorvaldur Tómasson átti en hann var prestur á Hrafnagili í Eyjafirði frá 1642 til dauðadags 1662.⁶¹ Á vinstri spássíu verso-síðu er eftirfarandi spássíukrot: „Thorvalldur Thomæ Librum possidet conscriptus modruvallas 1638. Spes mea Christus unica vita Deus.“⁶² Ólafur Halldórsson vakti athygli á þessu broti árið 1990 en ekki hefur áður verið kannað hvort það kunni að tilheyra sömu bók og önnur brot með hendi Jóns. Á blaðinu eru 13 nótnalínur, rétt eins og á nokkrum öðrum brotum með hendi Jóns, og stærðin og bleikið benda til skyldleika við önnur grillarabrot sama skrifara (þ.e.a.s. Lbs

61 Ólafur Halldórsson, eftirmáli við „Jónar tveir Þorlákssynir,“ í *Grettisfærsla, Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson gefið út á sjötugsafmáli hans 18. apríl 1990*, ritstj. Sigurgeir Steingrímsson et al. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1990), 270; *Íslenzkar æviskrár* 5: 249.

62 Neðar á sömu síðu er torlesnara spássíukrot þar sem greint er frá „séra Þorbergi“ og virðist þar átt við Þorberg Ásmundsson (um 1580–1659) sem var prestur meðal annars að Tjörn í Svarfáðardal og að Hólum á fyrri hluta 17. aldar, sjá Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* 5: 81.



Mynd 9. Blað sem áður var í kápu utan um handritið KB Thott 1494 4to.

fragm 45, Lbs fragm 46, Þjms 30, 716, 3411, 4126 og 8276). Eins og Ólafur Halldórsson bendir á hefur slík bók þá væntanlega verið á Möðruvöllum.⁶³ Í þessu samhengi má benda á að brotið Þjms 4126, sem einnig er úr messu-söngsbók með hendi Jóns Þorlákssonar, kom til Þjóðminjasafns í júlí 1895 frá Jóni Hjaltalín, skólastjóra á Möðruvöllum.⁶⁴

63 Ólafur Halldórsson, eftirmáli við „Jónar tveir Þorlákssynir“, *Grettisfærsla*, 270.

64 Í málðaga Möðruvallakirkju í Eyjafirði frá 1461 eru „grallarar tveir vondir“ sagðir eign kirkjunnar; sjá *Diplomatarium Islandicum* 5, 307. Ekki hafa varðveist yngri málðagar kirkjunnar með bókaskrá.

Söngbókabrot í einkaeigu

Vitað er um að minnsta kosti tvö söngbókabrot úr kaþólskum sið sem enn eru í einkaeigu. Annað þeirra er í eigu Jóns Gunnars Zoëga í Reykjavík og er stakt blað úr tíðasöngsbók, líklega frá 14. öld eða fyrri hluta 15. aldar. Blaðið er nokkurn veginn heilt en skorið af jöðrum og mótar mjög fyrir útlínunum bókarinnar sem blaðið var haft utan um. Upphafsstafir eru rauðir og grænir. Á blaðinu eru tíðasöngvar sem tengjast sálumessu, meðal annars *Cognoscimus Domine quia* og *Manus tuae domine fecerunt* (bæði fyrir óttu-söng eða *matutinum*).

Hitt blaðið er brot úr tíðasöngsbók (um fjórar neðstu línur blaðsins) frá 13. öld sem er í eigu sr. Geirs Waage. Blaðið er haft utan um yngra handrit og aðeins sjást merki um skrift á þeirri hlið sem snýr að bókinni. Á blaðinu má greina tíðasöng á messudegi Maríu Magdalenu (22. júlí), víxlsönginn *O diligens Christum*. Áslaug Ommundsen hefur bent á að skriftin líkist mjög þeirri á AM Acc 7, Hs 32. Mögulega kom þetta blað beint á eftir blaði 3r–v í því broti sem einmitt hefur einnig að geyma óttusöng á messudegi Maríu Magdalenu.⁶⁵

Margt hefur áunnist í rannsóknum á íslenskum söngbókabrotum á þeim nærri sex áratugum sem liðnir eru frá því að hið mikla rit Eriks Eggen um sekvensíur kom út. Því fer þó fjarri að búið sé að rannsaka til fulls öll þau söngbókabrot sem varðveist hafa úr kaþólskum sið. Margt er enn óljóst varðandi uppruna handritanna og hin smærri atriði söngvanna sem þau hafa að geyma, til dæmis laggerðir söngvanna á Íslandi í samanburði við önnur svæði álfunnar. Í þessari grein hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að slíkar rannsóknir taki til greina heildarsafn þeirra brota sem varðveist hafa, þvert á söfn. Aðeins þannig fæst viðunandi mynd af þeirri tónlist sem var lykilþáttur í íslensku trúarlífi og menningu í kaþólskum sið svo öldum skipti.

65 Ommundsen, tölvupóstur til Guðvarðar Mús Gunnlaugssonar, 14. október 2015.

HEIMILDIR

HANDRIT

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík

ÍB 450 8vo	Lbs fragm 41
JS fragm 10	Lbs fragm 43
Lbs 1230 8vo	Lbs fragm 45
Lbs fragm 11	Lbs fragm 46
Lbs fragm 12	Lbs fragm 76
Lbs fragm 19	Lbs fragm 91
Lbs fragm 29	

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

AM 266 4to	SÁM 175
AM 471 4to	Þjms 30
AM 687 b 4to	Þjms 166
AM 80 b 8vo	Þjms 194
AM 439 12mo	Þjms 716
AM Acc. 48 a	Þjms 954
AM Acc. 48 d	Þjms 3411
AM Acc. 48 h	Þjms 4126
AM Dipl. Isl. Fasc. V, 12	Þjms 7437
GKS 3270 4to	Þjms 8276

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík

Þjskjs 1a	Þjskjs 2b
Þjskjs 1b	Þjskjs 2c
Þjskjs 1c	

Den Arnamagnæanske Samling, Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab, Københavns Universitet, Kaupmannahöfn

AM 241 b III β fol.	Hs 14
AM 241 b IV fol.	Hs 15
Accessoria 7:	Hs 53
Hs 1 (<i>Missale Scardense</i>)	Hs 126
Hs 2 (<i>Graduale Gufudalense</i>)	Hs 144
Hs 3	

Det kongelige bibliotek, Kaupmannahöfn

Add. 1 4to	Thott 1495 4to
NKS 1265 II a fol.	Thott 243 8vo
NKS 1265 II e fol.	Thott 478 8vo
Thott 154 fol.	Thott 513 8vo
Thott 1494 4to	

Caroli Lundii Notæ ac Observationes in Literas Rom. Pontificis Agapeti II. de Prærogativa atque Eminentia Regis Upsaliensis sive Svionię. Uppsölum, 1703.
Catalogus Selectiorum omnis generis variique idiomatis Librorum. Kaupmannahöfn, 1723
 (UB J 1650 8vo, ex. 2)

Riksarkivet, Ósló

Lat. fragm. 281

Kungliga biblioteket, Stokkhólmi

Isl. papp. 4:o 10

Isl. papp. 4:o 34

Isl. papp. 4:o 18

Isl. papp. 8:o 2

Isl. papp. 4:o 19

Isl. papp. 8:o 15

Isl. papp. 4:o 26

Isl. perg. 8:o 5

Isl. papp. 4:o 27

Uppsala universitetsbibliotek

R 717

The John Rylands Library, Manchester

Icelandic MS no. 1 (Codex Lindesianus)

Houghton Library, Harvard University, Cambridge (MA)

MS Icelandic 7

Einkasafn, Jón Gunnar Zoëga

Skinnblað úr messusöngsbók, um 15. öld

Einkasafn, sr. Geir Waage

Brot úr blaði úr tíðasöngsbók, 13. öld

FRUMHEIMILDIR

Analecta hymnica medii ævi 1–55 [AH]. Útg. Guido Maria Dreves, Clemens Blume og Henry Marriott Bannister. Leipzig: Reisland, 1886–1922.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn 5. Útg. Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag, 1899–1902.

Gjerløw, Lilli. *Ordo Nidrosiensis Ecclesiae (Orðubók)*. Libri liturgici provinciae Nidrosiensis medii ævi 2. Ósló: Norsk historisk kjeldeskrift-institutt, 1968.

Gjerløw, Lilli. *Antiphonarium Nidrosiensis Ecclesiae*. Libri liturgici provinciae Nidrosiensis medii ævi 3. Ósló: Norsk historisk kjeldeskrift-institutt, 1979.

SKRÁR

- Andersen, Merete Geert. *Katalog over AM Accessoria 7: De latinske fragmenter*. Bibliotheca Arnamagnæana 46. Kaupmannahöfn: C.A. Reitzels Forlag, 2008.
- Jakob Benediktsson. „Skrá um skinnblöð í Landsbókasafni Íslands.“ Viðauki við Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns*, 2. aukabindi. Reykjavík, 1959.
- Gödel, Vilhelm. *Katalog öfver Kongl. Bibliotekets fornisländska och formnorska handskrifter*. Stockholm: P.A. Norstedt, 1897.
- — —. *Katalog öfver Upsala universitets biblioteks fornisländska och formnorska handskrifter*. Uppsala: Almqvist & Wiksell, 1892.
- Kålund, Kristian. *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i Det Store Kongelige Bibliotek og i Universitetsbiblioteket*. Kaupmannahöfn, 1900.
- — —. *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling 1–2*. Kaupmannahöfn, 1889–1894.
- Magnús Már Lárusson. „Skinnhandrit í Þjóðminjasafni Íslands.“ Reykjavík, 1963.
- Sólveig Hrönn Hilmarsdóttir. *Skráning handrita á handrit.is*. 2021.

FRÆÐIRIT OG GREINAR

- Andersen, Merete Geert. „Colligere fragmenta, ne pereant.“ *Opuscula* 7 (1979): 1–35.
- Attinger, Gisela. „Monastic Musical Fragments from Iceland.“ *Religions* 12 (2021): 416.
- — —. „Some Reflections on the Liturgy of St. Þorlákr.“ Í *The European Contexts of Ramism*, ritstj. Sarah Knight og Emma Wilson, 203–221. Turnhout: Brepols, 2019.
- — —. „Iceland and Norway: Separate Scribal Cultures Versus Cultural Exchange.“ Í *Nordic Latin Manuscript Fragments*, ritstj. Áslaug Ommundsen og Tuomas Heikkilä, 221–238. Abingdon: Routledge, 2017.
- — —. „Sequences in Two Icelandic Mass Books from the Later Middle Ages.“ Í *The Sequences of Nidaros. A Nordic Repertory & Its European Context*, ritstj. Lori Kruckenberg og Andreas Haug, 165–181. Senter for middelalderstudier, Skrifter nr. 20. Trondheim: Tapir Academic Press, 2006.
- — —. „Prosulas in Icelandic Plainchant Sources.“ *Studia musicologica Norvegica* 32 (2006): 7–22.
- — —. „Icelandic Manuscripts Containing Sequences. A Presentation of Twelve Medieval Fragments.“ *Studia musicologica Norvegica* 30 (2004): 119–143.
- — —. „A Comparative Study of Chant Melodies from Fragments of the Lost Nidaros Antiphoner.“ *Doktorsritgerð*, Háskólinn í Ósló, 1998.
- Árni Björnsson. *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning, 1993.
- Árni Heimir Ingólfsson. „Sléttisöngur í lútherskum sið á Íslandi, 1550–1800.“ *Gripla* 31 (2020): 293–332.
- — —. „Copying the Icelandic Graduale in the Sixteenth and Seventeenth Centuries.“ *Opuscula* 18 (2020): 1–59.
- — —. *Tónlist liðinna alda. Íslensk handrit 1100–1800*. Reykjavík: Crymogeia, 2019.
- — —. „Tvö íslensk söngbókarbrot frá 16. öld í Stokkhólmi.“ *Gripla* 29 (2018): 7–33.

- — —. *Saga tónlistarinnar. Tónlist á Vesturlöndum frá miðöldum til nútímans*. Reykjavík: Forlagið, 2016.
- — —. „These are the Things You Never Forget: The Written and Oral Traditions of Icelandic *Tví söngur*.“ Doktorsritgerð, Harvard University, 2003.
- Bjarni Þorsteinsson. *Íslenzk þjóðlög*. Kaupmannahöfn: Møller, 1906–1909.
- Eggen, Erik. *The Sequences of the Archbishopric of Nidarós*. Bibliotheca Arnarnagæana 21–22. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1968.
- Gjerløw, Lilli. *Liturgica Islandica*. Bibliotheca Arnarnagæana 35–36. Kaupmannahöfn: Reitzel, 1980.
- Guðbjörg Kristjánsdóttir. „Lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld.“ *Gripla* 27 (2016): 157–233.
- — —. *Íslenska teiknibókin*. Reykjavík: Crymogea, 2013.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. „Latin Fragments Related to Iceland.“ Í *Nordic Latin Manuscript Fragments. The Destruction and Reconstruction of Medieval Books*, ritstj. Áslaug Ommundsen og Tuomas Heikkilä, 163–183. Abingdon: Routledge, 2017.
- Gunnar F. Guðmundsson. „Latinusöngur leikra á miðöldum.“ Í *Til heiðurs og hugbótar, greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir, 93–112. Reykholt: Snorrastofa, 2003.
- — —. *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*. Kristni á Íslandi 2. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Gunnar Harðarson og Karl G. Johansson, ritstj. *Dominican Resonances in Medieval Iceland: The Legacy of Bishop Jón Halldórsson of Skálholt*. Leiden: Brill, 2021.
- Gunnar Kristjánsson, ritstj. *Saga biskupsstólanna*. Hólar: Bókautgáfan Hólar, 2006.
- Haraldur Bernharðsson. *Íslensk klausturmenning á miðöldum*. Reykjavík: Miðaldastofa Háskóla Íslands og Háskólaforlagið, 2016.
- Høye, Marit Johanne. „Sequence Melodies in Icelandic and Norwegian Manuscripts.“ *Dansk Musikkforskning Online* (2016): 27–41.
- Jón Helgason. *Hannes Finnsson biskup í Skálholti*. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag, 1936.
- Jón Þórarinnsson. *Íslensk tónlistarsaga 1000–1800*, ritstj. Njáll Sigurðsson og Páll Valsson. Kópavogur: Tónlistarsafn Íslands, 2012.
- Lorenz, Tom. „Latin *in situ* Fragments Connected to Iceland: A Survey.“ *Scripta Islandica* 75 (2024): 61–94.
- Magnús Már Lárusson. *Fróðleikspættir og sögubrot*. Hafnarfirði: Skuggsjá, 1967.
- Ommundsen, Áslaug og Gisela Attinger. „Icelandic Liturgical Books and How to Recognise Them.“ *Scriptorium* 67 (2013): 293–317.
- Ommundsen, Áslaug og Tuomas Heikkilä. *Nordic Latin Manuscript Fragments. The Destruction and Reconstruction of Medieval Books*. Abingdon: Routledge, 2017.
- Ólafur Halldórsson. „Jónar tveir Þorlákssynir.“ Í *Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors 2. júlí 1971 frá nemendum hans*, ritstj. Aðalgeir Kristjánsson et al., 128–144. Reykjavík: Leiftur, 1971. Endurpr. *Grettisfærsla*, 254–270.

- — —. *Grettisfærsla. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson gefið út á sjötugsafmæli hans 18. apríl 1990*, ritstj. Sigurgeir Steingrímsson et al. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 38. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1990.
- Patzuk-Russell, Ryder. „The Lost Liturgical Books of Iceland: Understanding the *Aspiciensbækr*.“ *Gripla* 33 (2022): 235–263.
- Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, 1–5. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952.
- Róbert A. Ottósson. „Ein Prozessionsgesang der Mönche zu Þingeyrar.“ *Scientia Islandica* 2 (1970): 3–12.
- Różycki, Kasimir von. *Katalog der Bibliothek des verstorbenen Universitätsprofessors Konrad von Maurer*. München, 1903.
- Stefán Karlsson. „Sex skriffingur.“ *Opuscula* 7 (1979): 36–43.

VEFSÍÐUR

- www.cantusdatabase.org. Cantus: A Database for Latin Ecclesiastical Chant.
- www.cantusindex.org. Cantus Index: Online Catalogue for Mass and Office Chants.
- www.handrit.is.
- www.ismus.is. Íslenskur músík- og menningararfur.
- www.manuscripta.se. A Digital Catalogue of Medieval and Early Modern Manuscripts in Sweden.

ÁGRIP

„Ekki er þetta kirkjunni að neinu gagni.“ Íslensk söngbókabrot úr kaþólskum sið

Efnisorð: tónlist, helgisíðir, handrit, handritabrot, Jón Þorláksson

Fjölmörg brot hafa varðveist úr þeim kaþólsku messu- og tíðasöngsbókum sem notaðar voru á Íslandi fram til siðaskipta. Fram til þessa hefur ekkert heildaryfirlit verið til yfir íslensk skinnbókabrot með nótum og því örðugt að átta sig á því hversu mörg slík brot hafa varðveist og hvers eðlis þau eru. Megnið af umræddum brotum er varðveitt í þremur söfnum: Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Einnig eru nokkur brot á Þjóðskjalasafni Íslands og á Konungsbókhöfðum í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, stök brot eru í Uppsölum og í Cambridge í Bandaríkjunum og að minnsta kosti tvö söngbókabrot með nótum eru enn í einkaeigu. Alls hafa varðveist um 320 brot úr söngbókum sem taldar eru hafa verið ritaðar á Íslandi eða að minnsta kosti verið eign íslenskra kirkna og virðast þau hafa tilheyrð að minnsta kosti 130–140 bókum.

Í þessari grein er brugðið upp heildstæðri mynd af þeim íslensku söngbókabrotum sem varðveist hafa og varpað ljósi á nokkur brot sem ekki hefur áður verið fjallað um á prenti. Einkum er sjónum beint að brotum á Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn og Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi þar sem allnokkur brot eru geymd sem hafa litla athygli hlotið fram til þessa. Bent er á nokkur

handritabrot sem tilheyrðu upphaflega sömu söngbók, til dæmis Add. 1 4to á Konungsbókhöfðu og Accessoria 7/Hs 15 í Árnasafni í Kaupmannahöfn, sem hafa að geyma söng við jólamessur. Að lokum eru könnuð söngbókabrot með hendi Jóns Þorlákssonar en hann var afkastamikill nótnaritari á 15. öld og sá eini sem starfaði við slíkt á miðöldum sem unnt er að nafngreina.

SUMMARY

“This is of no use to the church”: Plainchant Fragments from Medieval Iceland

Keywords: music, liturgy, manuscripts, manuscript fragments, Jón Þorláksson

Hundreds of fragments have survived from the Roman Catholic liturgical books that were used in Iceland until the Reformation in the mid-sixteenth century. These include fragments from music books, such as graduals and antiphoners. These fragments belong to many different collections, both in Iceland and abroad. The most substantial holdings are those of the National and University Library in Reykjavík, the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies in Reykjavík and the Arnarnagæan Collection in Copenhagen, but fragments from liturgical books with music are also found in the National Archives (Reykjavík), the Royal Libraries in Copenhagen and Stockholm, and libraries in Uppsala and Cambridge (MA); in addition, at least two fragments with music are still privately owned. The total number of music fragments from books that were written or used in Iceland can be estimated at around 320, and these seem to have belonged to at least 130–140 separate books.

This article gives an overview of the surviving fragments from Icelandic liturgical books with music, including several that have received little attention from scholars until now. The main focus is on the collections of the Royal Libraries in Copenhagen and Stockholm, where several fragments are still *in situ* as part of binding used for younger manuscripts. Several examples are given of fragments in different collections that were originally part of the same book, such as Add. 1 4to (Royal Library, Copenhagen) and Accessoria 7/Hs 15 (Arnarnagæan Collection, Copenhagen), which are leaves from the same original manuscript, containing music for masses at Christmas. Finally, a survey is given of the musical output of Jón Þorláksson, a productive Icelandic scribe in the second half of the fifteenth century, and the only Icelandic music scribe known by name.

Árni Heimir Ingólfsson
Reykjavík/Akademian
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík
arniheimiring@gmail.com